

## LÖG

um breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44

1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Alexander Stefánsson.*

Nr. 43

23. apríl 1986

## LÖG

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð,

sbr. lög nr. 87/1960.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumæðferðar, heimilt að setja banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrar-vörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

## 2. gr.

5. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Matthías Bjarnason.*

**L Ö G**

**um breytingu á lögum um almannatryggingar,  
nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Frá 1. júní 1986 hækkar þetta aldursmark í 17 ár og frá 1. janúar 1987 í 18 ár.

## 2. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

- k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum er tryggingaráð setur.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ragnhildur Helgadóttir.*